



Kennsluáætlun 2024-2025

Bekkur: 9. bekkur

Námsgrein: Samfélagsfræði

Kennari/kennarar: Hulda Kristín Baldursdóttir

Markmið:

Að nemandi geti:

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- Áttað sig á hvað það er sem mennirnir gera sem móta og breyta umhverfinu og búsetuskilyrðum.
- Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Lesið, spurt, spjallað og horft. Einstaklingsvinna, para- og hópavinna, myndbönd, vinna með margvíslegt efni af netinu og öðrum miðlum.

Námsmat: Hópavinna, ýmiss konar verkefni, sjálfsmat, jafningjamat, hegðun og virkni í tímum.

Námsgögn: Lýðræði og tækni og annað aukaefni.
Skólinn útvegar öll kennslugögn.